

Stjórnarfundur TSÍ 27.08.09

Mættir: Ingólfur, Skjöldur, Raj, Jónas, Gunnar

Í fjarveru ritara TSÍ tók ég að mér að setja nokkra púnkta á blað.

1. Raj tók að sér að ræða við Víking varðandi árshátíð TSÍ um að þeir tækju verkefnið að sér. Hugmynd að dagsetningu er 17. október . TSÍ leggur 50.000 kr.- í málefnið.
2. TSÍ tók ákvörðun um að greiða fyrir tennisvelli í Tennishöllinni á miðvikudögum kl. 21:30 og sunnudögum kl. 13:30 fram að áramótum. Landsliðsnefnd mun raða fólki í tímana. Fyrsti tíminn er næsta sunnudag. Áætlaður kostnaður er 140.000 kr.-
3. Það á eftir að ákveða efnilegasta tennisleikara ársins fyrir 2008 og 2009. Gleymdist í fyrra. Ákveðið var að velja samt fyrir 2008 til að ekki komi gat á milli ára. Raj mun senda meðlimum TSÍ afrekaskrá okkar bestu tennisleikara frá því ári til að meta stöðuna.
4. Raj ætlar að senda meðlimum TSÍ þá afreksstefnu sem síðast var lögð fram. Farið verður í að semja nýja.
5. Grunnstignámskeið þjálfara verður lengt í 20 tíma og fyrirhugað að það verði haldið næst í maí 2010 og haft árisst.
6. Jósep hélt gott dómarnámskeið í mars síðastliðnum. Jónas ætlar að biðja Jósep um að greina frá hvernig til tókst og senda Rakel upplýsingar um “ gull-silfur-bronskerfi “.
7. Menn telja æskilegt að tengjast tennisklúbbum í Skandinavíu. Tennissambönd séu einfaldlega svo stór að þau hafi ekki áhuga á að hafa samstarf við okkur. Raj vill senda tennisleikara út til keppni t.d. í Danmörku 4 sinnum á ári, þar sem hægt er að spila innanhúss allt árið. Raj ætlar að skoða hugsanlega aðila sem henta okkur.
8. Styrkjaveitingar til ungra tennisleikara sem hafa lagt í mikinn kostnað vegna tennisferða til útlanda í sumar voru rædd. Lítil peningur er til fyrir slíku hjá TSÍ en Skjöldur tók að sér að skoða málið frekar og koma með tillögu um hvort möguleiki sé að styrkja þessa aðila.
9. Fjármál TSÍ voru rædd í víðu samhengi. Menn bíða eftir styrk frá Menntamálaráðuneytinu. Eins var ítrekað að ávallt þarf að halda ÍSÍ við efnið þegar kemur að því að ganga frá greiðslum sem þegar hafa verið ákveðnar. Rætt var fyrirhugað þjálfaranámskeið í Hollandi. TSÍ er jákvætt fyrir því að greiða tilfallandi óvæntan aukakostnað sem falla mun í ferðinni

Gunnar Þór Finnbjörnsson

Vararitari TSÍ